

## Skýrsla fræðslustjóra KKÍ.

### Námskeið.

Á árinu hafa verið auglýst tvö A-stigs námskeið á vegum KKÍ en sökum lélegrar þátttöku varð ekkert af þeim. Hins vegar hafa á árinu útskrifast 54 leiðbeinendur frá eftirfarandi skólum:

Reykholtsskóli	11
Eiðaskóli	3
Fjölbraut Ármúla	40

Hafa alls verið útskrifaðir 212 leiðbeinendur af A-stigi frá byrjun.

Haldið var námskeið fyrir íþróttakennara 30.apríl s.l. í samráði við félag þeirra og menntamálaráðuneytið. Leiðbeinandi var Jim Dooley. Tókst námskeiðið vel.

### Útgáfumál.

Síðastliðið haust var fræðsluefni B-stigs tilbúið til prentunar hjá prentsmiðju SÍS. Mál þróuðust að lokum á þann veg að SÍS-menn sáu sér ekki fært að leysa þessi mál sökum aukinna verkefna. Tapaðist við þetta nokkur tími því komið var fram í febrúar s.l. þegar þetta var orðið ljóst. Prátt fyrir að svona hafi til tekist eiga starfsmenn auglýsingadeildar SÍS og prents miðju heiður skilinn fyrir þann stuðning sem þeir hafa veitt KKÍ í sambandi við útgáfumálin.

Ný kostnaðaráætlun var gerð með tilliti til tilboða sem borist höfðu í fílmusetningu og prentun. Kostnaður pr. bók var um kr. 20.000. Áætlað var að safna auglýsingum í bækurnar og er sú söfnun þegar hafin, en óvist hvenær henni verði lokið þótt augljóst sé að hún má ekki taka of langan tíma.

Pá hefur fræðslunefnd ÍSÍ hlutast til um lán til handa KKÍ að upphæð kr. 30.000. Á nefndin þakkir skildar fyrir margháttan stuðning sinn við KKÍ.

Að lokum vill undirritaður færa stjórn KKÍ og framkvæmdarstjóra þakkir fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

Gunnar Gunnarsson  
fræðslustjóri.